

Vikufréttir

Vika 3 (14.01. – 18.01. 2019)

Mánudagur

- ✓ Leikskólabörn koma í heimsókn í skólann. Þau sækja tíma með nemendum í 1. bekk, kynnst skólanum og starfinu þar. Hér er um að ræða tilvonandi nemendur í 1. bekk skólaárið 2019 -2020.
- ✓ Þessa vikuna er engin starfsemi í Búbbblunni.

Þriðjudagur

Miðvikudagur

- ✓ Skipulagsdagur. Nemendur í fríi.
- ✓ Hjúkrunarfræðingur frá Heilsuvernd kemur og framkvæmir mælingar á heilsufarsþáttum með sérstakri áherslu á forvarnir gegn hjarta-, æða- og lísstílsjúkdómum. Markmið heilsufarsskoðunar er að veita hverjum einstaklingi innsýn í stöðu eigin heilsu. Í boði fyrir alla starfsmenn skólans.

Fimmtudagur

Föstudagur

- ✓ Matur í dag fyrir þá nemendur sem eru skráðir þar sem enginn matur var s.l. miðvikudag.

Annað:

Enn og aftur minnum við á óskilamuni í skólanum og gott að foreldrar skoði reglulega hvort barn þeirra eigi einhverja muni sem liggja hjá okkur. Gott ráð er að merkja fatnað barnsins þar sem meiri líkur eru á að hann komist til skila ef svo er.

Spakmæli: „Lífið snýst ekki um að hafa góð spil á hendi ... heldur að spila vel úr þeim spilum sem þér eru gefin.“

Umferðaröryggi og endurskinsmerki

Á skólalóðinni eru margir að leik bæði á skólatíma og eftir skóla og því mikilvægt að aka varlega þar í kring. Flestir kannast við gamla slagorðið: á eftir bolta kemur barn, en það á ekki síst við í grennd við leikvelli. Í ærslum leiksins gleyma börn gjarnan öllum þeim reglum sem þau hafa lært og hlaupa yfir götur án þess að líta til hliðar. Það er því sérstaklega mikilvægt að aka hægt á svæðum þar sem börn gætu verið á ferli.

Nú er farið dimma fyrr á daginn og í myrkri sjást gangandi vegfarendur illa, jafnvel þó ágætt ljós sé frá bæði götulýsingu og ljósum bifreiða. Til að tryggja að ökumenn sjái gangandi vegfarendur er nauðsynlegt að nota endurskinsmerki. Til að endurskinsmerki séu sem best sýnileg er best að hafa þau:

- Fremst á ermum
- Hangandi meðfram hliðum
- Á skóm eða neðarlega á buxnaskálmum

Þegar ljós bifreiða skína á endurskinsmerki, þá virka endurskinsmerkin eins og blikkljós. Þá eiga ökumenn auðveldara með að sjá gangandi vegfarendur úr töluverðri fjarlægð. Endurskinsmerki getur því komið í veg fyrir að ekið sé á gangandi vegfarendur.

En eru endurskinsmerki nógu töff til að hægt sé að nota þau? Já, veldu það sem passar þér og þínum stíl. Það hentar ekki öllum að vera í gulum endurskinsvestum eða með endurskinsborða allan hringinn, en smekklegt endurskinsmerki á ermi, skóm eða tösku getur veitt jafn mikið öryggi. En varist að næla endurskinsmerkjum í úlpur eða aðrar dýrar flíkur. Þær geta skemmst ef bandið flækist í og nælan rifnar úr. Límið frekar eða saumið í.

Útgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.

Ábm.: Kristín M. Valgarðsdóttir